

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Sýrland nr. 456/2014, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

*Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Sýrland nr. 456/2014:

- 1.16 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/850 frá 27. maí 2016 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi, sjá fylgiskjal 1.16.
- 1.17 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/1746 frá 29. september 2016 um framkvæmd ákvörðunar 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi, sjá fylgiskjal 1.17.
- 1.18 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/1897 frá 27. október 2016 um framkvæmd ákvörðunar 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi, sjá fylgiskjal 1.18.
- 1.19 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/1985 frá 14. nóvember 2016 um framkvæmd ákvörðunar 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi, sjá fylgiskjal 1.19.
- 1.20 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/2000 frá 15. nóvember 2016 um framkvæmd ákvörðunar 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi, sjá fylgiskjal 1.20.
- 1.21 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/2144 frá 6. desember 2016 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi, sjá fylgiskjal 1.21.
- 1.22 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/485 frá 20. mars 2017 um framkvæmd ákvörðunar 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi, sjá fylgiskjal 1.22.
- 2.24 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2016/840 frá 27. maí 2016 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 36/2012 frá 18. janúar 2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi, sjá fylgiskjal 2.24.
- 2.25 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2016/1735 frá 29. september 2016 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 36/2012 frá 18. janúar 2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi, sjá fylgiskjal 2.25.
- 2.26 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2016/1893 frá 27. október 2016 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 36/2012 frá 18. janúar 2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi, sjá fylgiskjal 2.26.
- 2.27 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2016/1984 frá 14. nóvember 2016 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 36/2012 frá 18. janúar 2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi, sjá fylgiskjal 2.27.
- 2.28 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2016/1996 frá 15. nóvember 2016 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 36/2012 frá 18. janúar 2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi, sjá fylgiskjal 2.28.
- 2.29 Reglugerð ráðsins (ESB) 2016/2137 frá 6. desember 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 36/2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi, sjá fylgiskjal 2.29.
- 2.30 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2017/480 frá 20. mars 2017 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 36/2012 frá 18. janúar 2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi, sjá fylgiskjal 2.30.

2. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 8. maí 2017.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

---

*Stefán Haukur Jóhannesson.*

Nr. 449

8. maí 2017

**Fylgiskjal 1.16.**

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2016/850**

**frá 27. maí 2016**

**um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi**

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 2013/255/SSUÖ:  
(Efnisútdráttur).

Í stað 34. gr. komi eftirfarandi:

,,34. gr.

Ákvörðun þessi gildir til 1. júní 2017. Hún skal vera í stöðugri endurskoðun. Hana skal framlengja eða henni breyta, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.“

Viðauka I við ákvörðun 2013/255/SSUÖ er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við ákvörðun þessa.  
(Efnisútdráttur).

*VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32016D0850&rid=1>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 1.17.**

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2016/1746**

**frá 29. september 2016**

**um framkvæmd ákvörðunar 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi**

Viðauka I við ákvörðun 2013/255/SSUÖ er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við ákvörðun þessa.

*VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32016D1746&rid=1>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 1.18.**

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2016/1897**

**frá 27. október 2016**

**um framkvæmd ákvörðunar 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi**

Viðauka I við ákvörðun 2013/255/SSUÖ er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við ákvörðun þessa.  
(Efnisútdráttur).

*VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32016D1897&rid=1>.

Nr. 449

8. maí 2017

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 1.19.**

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2016/1985**

**frá 14. nóvember 2016**

**um framkvæmd ákvörðunar 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi**

Viðauka I við ákvörðun 2013/255/SSUÖ er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

*VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32016D1985&rid=1>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 1.20.**

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2016/2000**

**frá 15. nóvember 2016**

**um framkvæmd ákvörðunar 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi**

Viðauka I við ákvörðun 2013/255/SSUÖ er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

*VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32016D2000&rid=1>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 1.21.**

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2016/2144**

**frá 6. desember 2016**

**um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2013/255/SSUÖ frá 31. maí 2013 um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi (<sup>1</sup>),

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. maí 2013 samþykkti ráðið ákvörðun 2013/255/SSUÖ.
- 2) Í ljósi áframhaldandi mannlegs neyðarástands í Sýrlandi og veigamikils hlutverks aðila Sambandsins við að koma til móts við mannúðarþarfir sýrlensku þjóðarinnar er mikilvægt að mannúðaraðstoð og aðstoð við almenning haldi áfram í Sýrlandi. Eldsneytiskaup eru skilyrði þess að hægt sé að veita mannúðaraðstoð

eða aðstoð við óbreytta borgara í Sýrlandi. Þróun á ástandinu í Sýrlandi hefur sýnt að núverandi leyfisveitingakerfi fyrir eldsneytiskaup í Sýrlandi er ekki nægilega hagkvæmt.

- 3) Því er nauðsynlegt að breyta undanþágum, sem eru í mannúðarskyni og vegna aðstoðar við almenning, frá takmörkunum á kaupum eða flutningi á jarðoliufurðum í Sýrlandi, svo fyrirkomulag leyfisveitinga endurspeglar betur rekstrarskilyrðin.
- 4) Að auki og í sama tilgangi er nauðsynlegt að breyta undanþágu í mannúðarskyni frá takmörkunum er varða frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs.
- 5) Þessar breytingar hafa á engan hátt áhrif á reglufylgni við reglugerð ráðsins (EB) nr. 2580/2001 (<sup>2</sup>), reglugerð ráðsins (EB) nr. 881/2002 (<sup>3</sup>) og reglugerð ráðsins (ESB) 2016/1686 (<sup>4</sup>).
  - 6) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 7) Breyta ætti ákvörðun 2013/255/SSUÖ til samræmis við það.

#### SAMPYKKT ÁKVÖRDUN PEPPA:

1. gr.

Ákvörðun 2013/255/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 5. gr.:
 

„3. Þau bönn, sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um kaup eða flutning í Sýrlandi á jarðoliufurðum eða tengda fjármögnun eða fjármagnsástoð af hálfu opinberra aðila eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, sem fá opinbera fjármögnun frá Sambandinu eða aðildarríkjum til að veita mannúðaraðstoð í Sýrlandi eða aðstoða óbreytta borgara í Sýrlandi, ef slíkar afurðir eru keyptar eða fluttar einungis í þeim tilgangi að veita mannúðaraðstoð í Sýrlandi eða aðstoða óbreytta borgara í Sýrlandi.

4. Þau bönn, sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um kaup eða flutning á jarðoliufurðum af hálfu sendiráða eða ræðisskrifstofa ef slíkar afurðir eru keyptar eða fluttar í opinberum tilgangi.“
- 2) Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:
 

„6. gr.

  1. Í því skyni að hjálpa óbreyttum borgurum í Sýrlandi, í tilvikum sem 3. mgr. 5. gr. tekur ekki til og þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 5. gr., geta lögbær stjórnvöld aðildarríkja heimilað, samkvæmt almennum og sértækum skilmálum og skilyrðum sem þau telja eiga við, kaup eða flutning í Sýrlandi á jarðoliufurðum og veitingu tengdrar fjármögnunar eða fjármagnsástoðar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
    - a) að viðkomandi starfsemi sé einungis í þeim tilgangi að veita mannúðaraðstoð í Sýrlandi eða aðstoða óbreytta borgara í Sýrlandi og
    - b) að viðkomandi starfsemi brjóti ekki gegn neinum þeim bönnum sem mælt er fyrir um í ákvörðun þessari.
  2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt. Í tilkynningu um heimild, sem veitt er skv. 1. mgr. skulu koma fram upplýsingar um viðurkenndu rekstrareininguna og um mannúðarstarfsemi hennar í Sýrlandi.“
- 3) Í 6. mgr. 28. gr. falli e-liður brott.
- 4) Eftirfarandi grein bætist við:

„28 gr. a

1. Bannið, sem er sett fram í 5. mgr. 28. gr. skal ekki gilda um fjármuni eða efnahagslegan auð sem opinberir aðilar, eða lögaðilar eða rekstrareiningar sem fá opinbera fjármögnun til að veita mannúðaraðstoð í Sýrlandi eða aðstoða óbreytta borgara í Sýrlandi, gera aðgengilegan einstaklingum eða lögaðilum og rekstrareiningum, sem eru á skrá í I. og II. viðauka, þegar veiting slíkra fjármuna eða efnahagslegs auðs er í samræmi við 3. mgr. 5. gr.
2. Í tilvikum, sem 1. mgr. þessarar greinar tekur ekki til og þrátt fyrir 5. mgr. 28. gr., geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt almennum og sértækum skilmálum og skilyrðum sem þau telja eiga við, eftir að hafa gengið úr skugga um að viðkomandi fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur einungis í þeim tilgangi að veita mannúðaraðstoð í Sýrlandi eða aðstoða óbreytta borgara í Sýrlandi.

3. Bannið í 5. mgr. 28. gr. skal ekki gilda um fjármuni eða efnahagslegan auð sem sendiráð eða ræðisskrifstofur gera aðgengilegan einstaklingum, lögaðilum eða rekstrareiningum, sem eru á skrá í I. og II. viðauka, þegar veiting slíkra fjármuna eða efnahagslegs auðs er í samræmi við 4. mgr. 5. gr.

4. Prátt fyrir 1. og 2. mgr. 28. gr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað affrystingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs samkvæmt almennum og sértaekum skilmálum og skilyrðum sem þau telja eiga við eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir og efnahagslegi auðurinn sé nauðsynlegur einungis í heim tilgangi að veita mannúðaraðstoð í Sýrlandi eða aðstoða óbreytta borgara í Sýrlandi. Fjármunirnir eða efnahagslegi auðurinn skal afhentur Sameinuðu þjóðunum í þeim tilgangi að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð í Sýrlandi í samræmi við viðbragðsáætlunina um mannúðaraðstoð við Sýrland eða aðra síðari áætlun sem Sameinuðu þjóðirnar hafa samhæft.

5. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 2. og 4. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 6. desember 2016.

Fyrir hönd ráðsins,  
P. KAŽIMÍR  
forseti.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 147, 1.6.2013, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2580/2001 frá 27. desember 2001 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í því skyni að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi (Stjtíð. EB L 344, 28.12.2001, bls. 70).

<sup>(3)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 881/2002 frá 27. maí 2002 sem leggur á tilteknar, sérstakar, takmarkandi ráðstafanir sem beint er að tilteknum einstaklingum og aðilum sem tengjast Íslamska ríkinu (Daesh) og Al-Qaida-samtökunum (Stjtíð. EB L 139, 29.5.2002, bls. 9).

<sup>(4)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) 2016/1686 frá 20. september 2016 um viðbótarþvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Daesh) og Al-Qaida-samtökunum og einstaklingum og lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem þeim tengjast (Stjtíð. ESB L 255, 21.9.2016, bls. 1).

## Fylgiskjal 1.22.

### FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN RÁÐSINS SSUÖ 2017/485

frá 20. mars 2017

um framkvæmd ákvörðunar 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi.

Viðauka I við ákvörðun 2013/255/SSUÖ er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

#### *VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32017D0485&from=EN>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Nr. 449

8. maí 2017

**Fylgiskjal 2.24.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2016/840**

**frá 27. maí 2016**

**um framkvæmd reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 36/2012 frá 18. janúar 2012  
um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi**

Viðauka II við reglugerð (ESB) nr. 36/2012 er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við reglugerð þessa.

(Efnisútdráttur).

*VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32016R0840&rid=1>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 2.25.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2016/1735**

**frá 29. september 2016**

**um framkvæmd reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 36/2012 frá 18. janúar 2012  
um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi**

Viðauka II við reglugerð (ESB) nr. 36/2012 er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við reglugerð þessa.

(Efnisútdráttur).

*VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32016R1735&rid=1>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 2.26.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2016/1893**

**frá 27. október 2016**

**um framkvæmd reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 36/2012 frá 18. janúar 2012  
um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi**

Viðauka II við reglugerð (ESB) nr. 36/2012 er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við reglugerð þessa.

(Efnisútdráttur).

*VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32016R1893&rid=1>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Nr. 449

8. maí 2017

**Fylgiskjal 2.27.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2016/1984**

**frá 14. nóvember 2016**

**um framkvæmd reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 36/2012 frá 18. janúar 2012  
um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi**

Viðauka II við reglugerð (ESB) nr. 36/2012 er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við reglugerð þessa.

(Efnisútdráttur).

*VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32016R1984&rid=1>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 2.28.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2016/1996**

**frá 15. nóvember 2016**

**um framkvæmd reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 36/2012 frá 18. janúar 2012  
um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi**

Viðauka II við reglugerð (ESB) nr. 36/2012 er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við reglugerð þessa.

(Efnisútdráttur).

*VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32016R1996&rid=1>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 2.29.**

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2016/2137**

**frá 6. desember 2016**

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 36/2012  
um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2013/255/SSUÖ frá 31. maí 2013 um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 36/2012 <sup>(2)</sup> koma til framkvæmda aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun 2013/255/SSUÖ.

- 2) Hinn 6. desember 2016 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2016/2144 (<sup>3</sup>), sem kveður á um breytingar til að heimila kaup og flutning á olíu og jarðoliúafurðum ásamt veitingu tengdrar fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar í Sýrlandi af hálfu skýrt skilgreindra flokka aðila og rekstrareininga einungis í þeim tilgangi að veita mannúðaraðstoð eða aðstoða óbreytta borgara í Sýrlandi. Með þeirri ákvörðun er einnig breytt viðeigandi undantekningum, þessu tengdum, á takmörkunum er varða frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs.
- 3) Þessi aðgerð fellur undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til að hrinda henni í framkvæmd, einkum til að tryggt sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjum beiti ákvæðum hennar með samræmdum hætti.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 36/2012 til samræmis við það.

#### SAMÞYKKT REGLUGERD PESSA:

##### 1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 36/2012 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 6. gr. er breytt eins og hér segir:
  - a) í stað d-liðar komi eftirfarandi:
    - „d) að útvega, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, þ.m.t. fjármálaafleiður, ásamt vátryggingum og endurtryggingum, sem tengjast þeim bönnum er um getur í a-lið,“
  - b) eftirfarandi liður bætist við:
    - „da) að útvega, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, þ.m.t. fjármálaafleiður, ásamt vátryggingum og endurtryggingum, sem tengjast þeim bönnum er um getur í b- og c-lið, og“
  - c) í stað e-liðar komi eftirfarandi:
    - „e) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að bönnin, sem um getur í a-, b-, c-, d- eða da-lið, eru beint eða óbeint sniðgengin.“
- 2) Í stað 6. gr. a komi eftirfarandi:

##### „6. gr. a

1. Þau bönn sem um getur í b-, c- og e-lið 6. gr. skulu ekki gilda um kaup eða flutning í Sýrlandi á jarðoliúafurðum eða veitingu tengdrar fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar af hálfu opinberra aðila eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, sem fá opinbera fjármögnun frá Sambandinu eða aðildarríkjum til að veita mannúðaraðstoð eða aðstoða óbreytta borgara í Sýrlandi, svo fremi að slíkar afurðir séu keyptar eða fluttar einungis í þeim tilgangi að veita mannúðaraðstoð í Sýrlandi eða aðstoða óbreytta borgara í Sýrlandi.

2. Þrátt fyrir b-, c- og e-lið 6. gr., í tilvikum sem 1. mgr. þessarar greinar tekur ekki til, getur lögbært stjórnvald aðildarríkis, eins og það er tilgreint á vefsetri sem skráð er í III. viðauka, heimilað kaup og flutning jarðoliúafurða í Sýrlandi eða tengda fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, samkvæmt almennum og sértaðum skilmálum og skilyrðum sem það telur viðeigandi, að því tilskildu að slík kaup og slíkur flutningar:

- a) sé einungis í þeim tilgangi að veita mannúðaraðstoð í Sýrlandi eða aðstoða óbreytta borgara í Sýrlandi og
- b) brjóti ekki gegn neinum þeim bönnum sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um viðurkennda lögaðilann, rekstrareininguna eða stofnunina og um mannúðarstarfsemi viðkomandi í Sýrlandi.

3. Ekkert í þessari grein skal hafa áhrif á reglugylgni við reglugerð ráðsins (EB) nr. 2580/2001 (<sup>1</sup>), reglugerð ráðsins (EB) nr. 881/2002 (<sup>2</sup>) eða reglugerð ráðsins (ESB) 2016/1686 (<sup>3</sup>).

(<sup>1</sup>) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2580/2001 frá 27. desember 2001 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknunum aðilum og rekstrareiningum í því skyni að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi (Stjórd. EB L 344, 28.12.2001, bls. 70).

(<sup>2</sup>) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 881/2002 frá 27. maí 2002 sem leggur á tilteknar, sérstakar, takmarkandi ráðstafanir sem beint er að tilteknunum einstaklingum og aðilum sem tengjast Íslamska ríkinu (Daesh) og Al-Qaida-samtökunum (Stjórd. EB L 139, 29.5.2002, bls. 9).

(<sup>3</sup>) Reglugerð ráðsins (ESB) 2016/1686 frá 20. september 2016 um viðbótarþvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Daesh) og Al-Qaida-samtökunum og einstaklingum og lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem þeim tengjast (Stjórd. ESB L 255, 21.9.2016, bls. 1).“

- 3) Eftirfarandi grein bætist við:

,,6. gr. b

Þau bönn sem um getur í b-, c- og e-lið 6. gr. skulu ekki gilda um kaup eða flutning í Sýrlandi á jarðoliufurðum, eða veitingu tengdrar fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar, af hálfu sendiráðs eða ræðisskrifstofu ef slíkar afurðir eru keyptar eða fluttar í opinberum tilgangi.“

- 4) Í stað e-liðar 16. gr. komi eftirfarandi:

,,e) í tilvikum sem 16. gr. b tekur ekki til, til þess að greiða inn á eða út af reikningi sendiráðs eða ræðisskrifstofu eða alþjóðastofnunar, sem nýtur friðhelgi að þjóðarétti, að því leyti sem nota skal slíkar greiðslur í opinberum tilgangi af hálfu viðkomandi sendiráðs eða ræðisskrifstofu eða alþjóðastofnunar.“

- 5) Í 16. gr. falli f-liður niður,

- 6) Í stað 16. gr. a komi eftirfarandi:

16. gr. a

1. Bannið, sem er sett fram í 2. mgr. 14. gr., skal ekki gilda um fjármuni eða efnahagslegan auð sem opinberir aðilar eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir, sem fá opinbera fjármögnun frá Sambandinu eða aðildarríkjum til að veita mannúðaraðstoð í Sýrlandi eða aðstoða óbreytta borgara í Sýrlandi, gera aðgengilegan, þegar veiting slíkra fjármuna eða efnahagslegs auðs er í samræmi við 1. mgr. 6. gr. a.

2. Í tilvikum, sem 1. mgr. þessarar greinar tekur ekki til og þrátt fyrir 2. mgr. 14. gr., getur lögbært stjórnvald aðildarríkjanna, eins og það er tilgreint á vefsetrum sem skráð eru í III. viðauka, heimilað að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt almennum og sértækum skilmálum og skilyrðum sem það telur viðeigandi, svo fremi að fjármunirnir eða efnahagslegi auðurinn sé nauðsynlegur einungis í þeim tilgangi að veita mannúðaraðstoð í Sýrlandi eða aðstoða óbreytta borgara í Sýrlandi.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. 14. gr. getur lögbært stjórnvald í aðildarríki, eins og það er tilgreint á vefsetrum sem skráð eru í III. viðauka, heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, samkvæmt almennum og sértækum skilmálum og skilyrðum sem það telur viðeigandi, að því tilskildu að:

- a) fjármunirnir eða efnahagslegi auðurinn sé nauðsynlegur einungis í þeim tilgangi að veita mannúðaraðstoð í Sýrlandi eða aðstoða óbreytta borgara í Sýrlandi og
- b) fjármunirnir eða efnahagslegi auðurinn sé afhentur Sameinuðu þjóðunum í þeim tilgangi að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð í Sýrlandi í samræmi við viðbragðsáætlunina um mannúðaraðstoð við Sýrland eða aðra síðari áætlun sem Sameinuðu þjóðirnar hafa samhæft.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt 2. og 3. mgr. þessarar greinar innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

- 7) Eftirfarandi grein bætist við:

16. gr. b

Bannið sem er sett fram í 2. mgr. 14. gr. skal ekki gilda um fjármuni eða efnahagslegan auð sem gerður er aðgengilegur af reikningi sendiráðs eða ræðisskrifstofu þegar slíkra fjármunir eða efnahagslegur auður er veittur í opinberum tilgangi sendiráðsins eða ræðisskrifstofunnar, í samræmi við 6. gr. b.“

- 8) Í stað IV. viðauka komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Nr. 449

8. maí 2017

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. desember 2016.

Fyrir hönd ráðsins,  
P. KAŽIMÍR  
forseti.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 147, 1.6.2013, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 36/2012 frá 18. janúar 2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi og niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 442/2011 (Stjtíð. ESB L 16, 19.1.2012, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/2144 frá 6. desember 2016 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi (Stjtíð. ESB L 332, 7.12.2016, bls. 22 ).

#### *VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32016R2137&rid=1>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

#### **Fylgiskjal 2.30.**

#### **FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2017/480**

**frá 20. mars 2017**

**um framkvæmd reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 36/2012 frá 18. janúar 2012  
um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi**

Viðauka II við reglugerð (ESB) nr. 36/2012 er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við reglugerð þessa.

(Efnisútdráttur).

#### *VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32017R0480&from=EN>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. maí 2017